

Að vinna úr mistökum sínum

Þetta vinnublað hjálpar manni að sjá (1) hvernig maður er vanur að bregðast við þegar manni verður á mistök og (2) hvernig hægt er að bæta sig.

Hvað heldur þú?

1

Hvers vegna eru sumir unglingar tregir til að viðurkenna mistök sín?

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

DÆMI: „Mér finnst ekkert mál að viðurkenna mistök mín fyrir sjálfri mér en ég á mjög erfitt með að jata þau fyrir öðrum. Ég vil ekki að fólk hugsi neikvætt um mig.“ – Melinda.



2

Hvað myndi fólk hugsa um þig ef þú reyndir alltaf að hylma yfir mistök þín?

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

DÆMI: „Það lítur ekki vel út ef þú gerir mistök og reynir síðan að breiða yfir þau. Fólk getur umborið mistök en það þolir illa þegar reynt er að blekkja það.“ – Christine.

3

Hvaða álit hefði fólk á þér ef þú viðurkenndir mistök þín fúslega?

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....


DÆMI: „Þegar ég hef jatað mistök mín hefur fólk frekar borið virðingu fyrir mér en að hugsa neikvætt um mig.“ – Richard.

Hvað myndir þú gera?




Þú færð hjólið lánað hjá pabba þínum og það skemmist aðeins.

- ☐ Þegja um það og vona að hann taki ekki eftir því.
- ☐ Segja pabba þínum alla söguna.
- ☐ Segja honum frá því en kenna einhverjum öðrum um.



Þið vinirnir eruð að leika ykkur og þú slærð óvart bolta beint í glugga nágrannans þannig að hann brotnar.

- ☐ Hlaupa burt.
- ☐ Segja nágrannanum hvað gerðist og bjóðast til að bæta fyrir tjónið.
- ☐ Kenna einhverjum öðrum um.



Þú fellur á prófi af því að þú lærðir ekki undir það.

- ☐ Segja að prófið hafi verið ömurlegt.
- ☐ Viðurkenna að þú barst ábyrgð á því.
- ☐ Fullyrða að kennarinn hafi eitthvað á móti þér.

Hugsaðu aftur um þessar þrjár aðstæður og ímyndaðu þér að þú sért (1) pabbi þinn, (2) nágranninn og (3) kennarinn.

Hvað myndu pabbi þinn, nágranninn og kennarinn hugsa um þig ef þú viðurkenndir fúslega mistökin?

.....

.....

.....

.....

.....

Hvað myndu þeir hugsa um þig ef þú kenndir einhverjum öðrum um eða hylmdir yfir mistökin?

.....

.....

.....

.....

.....

Hugsaðu um ákveðin mistök sem þú gerðir á síðustu mánuðum.

Hver voru mistökin?

.....

.....

.....

Hvernig brástu við?

- ☐ Ég hylmdi yfir þau.
- ☐ Ég kenndi einhverjum öðrum um.
- ☐ Ég viðurkenndi þau strax.

Ef þú viðurkenndir ekki mistökin, hvernig leið þér eftir á?

- ☐ Vel – ég komst upp með það.
- ☐ Illa – ég hefði átt að segja eins og var.

Hvernig hefðirðu getað brugðist öðruvísi við?

.....

.....

.....

.....

.....

Hvað lærðirðu af mistökunum?

.....

.....

.....

.....

.....

Hvaða markmið geturðu sett þér til að bregðast betur við mistökum á næstu mánuðum?

.....

.....

.....

.....

.....



Skoðaðu málið betur.

Lestu frásöguna af Davíð í 2. Samúelsbók 12:1-13 þar sem hann viðurkennir synd sína. Berðu það svo saman við 1. Samúelsbók 15:10-26 þar sem Sál reynir að réttlæta synd sína.

Veltu síðan þessu fyrir þér: Hvorki Davíð né Sál viðurkenndu mistök sín *strax*, en báðir gerðu það að *lokum*. Hvers vegna heldurðu að Jehóva Guð hafi fyrirgefið Davíð en ekki Sál?